



Þjónustuhundur ársins 2011

Enski springer spanielhundurinn, Buster

Þjónustuhundur ársins er enski springer spanielhundurinn, Buster. Buster sem er þriggja ára var fluttur inn frá Bretlandi og var valinn sérstaklega með tilliti til að verða fíkniefnaleitarhundur lögreglunnar. Eigandi Busters er lögreglan í Árnassýslu en umsjónarmaður hans er Guðjón Smári Guðjónsson, lögreglumaður. Þegar Buster kom til landsins árið 2009 fóru fram þjálfunaræfingar á vegum Steinars Gunnarssonar, yfirhundapjálfara ríkislögreglustjóra. Samstarf Guðjóns Smára og Busters byrjaði vorið 2010.

Vinnudagur þeirra félaga er fjölbreyttur rétt eins og lögreglustarfið er hvern dag. Guðjón Smári þjálfar og viðrar Buster á vinnuvöktum sínum og verkefni sem Buster er notaður í geta komið upp á öllum tímum sólarhringsins. Í mars 2011 fór Guðjón Smári með Buster í gegnum grunnpróf sem hann stóðst með þrýði og framundan er fyrirliggjandi árleg starfleyfisúttekt sem krefst stífra æfinga til undirbúnings úttektarinnar.

Nýlega fór fram mót í Vestmannaeyjum fyrir fíkniefnaleitarhunda lögreglunnar þar sem Buster gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari. Verkefni, sem Buster leysti af mikilli snilld, voru til dæmis leit í húsum, á víðavangi, í bílum og vöruhúsum. Guðjón Smári og Buster hafa gert það gott og fundið töluvert magn af fíkniefnum. Margir eru forvitnir um þjálfun fíkniefnaleitarhunda og segist Guðjón Smári stundum fá spurningar um hvort Buster fái að neyta fíkniefna svo hann geti fundið þau, sem er að sjálfsögðu ekki rétt.

Fyrir nokkru síðan kom í fréttum að Buster, ásamt lögreglumönnum frá Selfossi, áttu leið um uppsveitir Árnassýslu um nótt. Honum var hleypt út til að létta á sér en um leið og hann fór út úr bílnum stefndi hann að næsta íbúðarhúsi og gaf ábendingu að þar innandyra væru fíkniefni að finna. Við leit í íbúðarhúsinu fundust kannabispöntur sem lögreglan lagði hald á ásamt búnaði við ræktun plantnanna. Margar fleiri sögur er hægt að segja af Buster sem sýna hans miklu hæfileika sem fíkniefnahundur. Guðjón Smári segir að Buster sé sterkur og kraftmikill karakter, vinnusamur, ör og með sterkt veiðieðli, sem hentar vel við þá vinnu og aðstæður, sem þeir vinna við. Vegna góðra eiginleika Busters hefur mikið magn fíkniefna komist í hendur lögreglu og þar af leiðandi ekki ratað í hendur neytenda. Þrátt fyrir viðburðaríka ævi er Buster enn ungur hundur og eigum við vafalaust eftir að heyra fleiri sögur af afrekum hans næstu árin.